

Ár 1987, fimmtdaginn 30. apríl, var í málínu nr. 2/1987 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Mál þetta er að rekja til ágreinings, sem risið hefur milli Reykjavíkurborgar og Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga um skyldu samtakanna til að svara fasteignaskatti af húseign þeirra að Baldursgötu 12 í Reykjavík. Samtökin telja eignina undanþegna fasteignaskatti og er því til stuðnings eftirfarandi tekið fram í bréfi dags. 19. mars 1987:

"Húsnaði samtakanna að Baldursgötu 12 er félagsheimili þeirra. Það er samkomustaður fyrir félagsmenn, sem eru psoriasis- og exemsjúklingar. Þangað sækja þeir meðferð vegna sjúkdóms síns, t.d.. lampameðferð og sálfræðiaðstoð.

Jafnframt fer þar fram ýmiss konar félagsstarfsemi, t.d. opið hús fyrir félagsmenn, fundir stjórnar og nefnda samtakanna. Samtökin eignuðust þetta húsnæði eftir miklar fjársafnanir og sjálfboðavinnu félagsmanna og þjónar það einungis markmiðum samtakanna, en þau eru að sinna hagsmunum þessara sjúklinga.

Pegar virtur er tilgangur 5. gr. 1. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og orðalag hennar, er ljóst að húsnæði samtakanna fellur undir orðið "félagsheimili og samkomuhús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni" og því á fasteignin að vera undanþegin fasteignaskatti samkvæmt nefndri 5. gr."

Af hálfu Reykjavíkurborgar er ekki fallist á, að umrædd húseign sé undanþegin fasteignaskatti.

Akvæði 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þróngt. Þannig verða ekki talin til félagsheimila önnur hús en þau, sem hafa verið reist og hlctið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. málsg. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður 2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari breytingum, en því skilyrði er ekki fullnægt hér. Til samkomuhúss verða heldur ekki talin önnur hús en þau, sem almenningur á aðgang að. Þar sem því er ekki til að dreifa og með því að ekki verður séð að önnur undanþáguákvæði eigi hér við, brestur lagaheimild fyrir undanþágu frá fasteignaskötti.

Ú R S K U R Ð A R O R D :

Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga er skyldt að svara fasteignaskatti af fasteign sinni að Baldursgötu 12 í Reykjavík.


Gaukur Jörundsson


Árni Stefánsson


Guðmundur Magnússon